

gerðar á hreppsmörkunum, skal engu að síður í þessu sambandi miðað við núverandi hreppsmörk. **108**

8. júní

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir lagðir við höfuðstól.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að hlotnast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Oddviti hreppsnefndar, sem er formaður stjórnarinnar, formaður skólanefndar og sóknarprestur. Ef sami maður gegnir tveim af þeim störfum, er greind voru, tilnefnið skólanefnd mann í hið auða sæti.

6. gr.

Stjórnarnefnd annast styrkveitingar úr sjóðnum og annað honum viðvíkjandi. Hún heldur gerðabók, er hún ritar í styrkveitingar og aðrar framkvæmdir sínar í þágu sjóðsins. Formaður stjórnarnefndar annast reikningshald sjóðsins og sendir reikninga hans, ásamt hreppsreikningum, sýslunefnd Gullbringusýslu til athugunar og samþykktar.

7. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum, fyrr en stjórnarnefndin ákveður. Aldrei má úthluta meira í einu en $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna, en afgangurinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

8. gr.

Höfuðstól sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands eða annarri jafntryggri lánsstofnun.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti.

109

9. júní

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. laga nr. 99 1933 skuli, þar til öðru vísi verður ákveðið, vera kr. 6.00 frá og með 1. júlí þ. á. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1945.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.